

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í þessari grein.

Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna ársins 1999 og við staðgreiðslu á því ári.

Ákvæði 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna ársins 2000 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 1998. Skulu barnabætur skv. A-lið 69. gr., eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku þessara laga, greiddar vegna barna sem fædd eru á þriðja ársfjórðungi ársins 1997 eða fyrir eða öðluðust heimilisfesti hér á landi fyrir 1. október 1997 og skal lokagreiðsla barnabóta þannig ákvarðaðra vera eigi síðar en 30. október 1997. Aldursmörk skulu og miðuð við umræddan ársfjórðung.

Ákvæði til bráðabirgða í 5. gr. koma til framkvæmda eins og þar greinir.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

**um breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990,
og lögum nr. 156/1996, um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skulu tekjur af atvinnu-tryggingagjaldi vegna reiknaðs endurgjalds þeirra sem falla undir gildissvið laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga renna í hlutaðeigandi deild þess sjóðs.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 156/1996 fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.